

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 141/2009

frá 4. desember 2009

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 106/2009 frá 22. október 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1289/2008 frá 12. desember 2008 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar þætti sem tengjast lýsingum og auglýsingum ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 29ba (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 809/2004) í IX. viðauka við samninginn:

„– **32008 R 1289**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1289/2008 frá 12. desember 2008 (Stjtið. ESB L 340, 19.12.2008, bls. 17).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1289/2008, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. desember 2009, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 334, 17.12.2009, bls. 3, og EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 68, 17.12.2009, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 340, 19.12.2008, bls. 17.

(*) **Engin stjórnskipuleg** skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 4. desember 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
O.H. Sletnes
formaður.

Sameiginleg yfirlýsing samningsaðila

vegna ákvörðunar nr. 141/2009 um að fella reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1289/2008 inn í samninginn

„Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1289/2008 frá 12. desember 2008 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar þætti sem tengjast lýsingum og auglýsingum hefur að geyma ákvæði sem heimila útgefendum, sem starfa utan Evrópusambandsins, að leggja fram eldri fjárhagsupplýsingar sínar í samræmi við þá reikningskilastaðla sem tilgreindir eru í reglugerðinni. Reglugerð þessi er felld inn í EES-samninginn með fyrirvara um gildissvið samningsins að því er varðar samskipti við ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins.“